

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar  
Regína Ástvaldsdóttir

Reykjavík 24. maí 2019

Húsnæði í Álfabakka 12, 3. hæð  
Samfélagshús

Við undirrituð förum þess á leit við Reykjavíkurborg að fá afnot af húsnæði borgarinnar að Álfabakka 12, 3h undir svo kallað samfélagshús.

Hjálpræðisherinn, Hjálparstarf kirkjunnar og EAPN á Íslandi sjá mikil tækifæri í afnotum af þessu húsnæði fyrir margvísleg samfélagsleg verkefni.

Hjálpræðisherinn og Hjálparstarf kirkjunnar hafa nú í tvö ár haldið úti starfi fyrir konur af erlendum uppruna sem ekki eru á vinnumarkaði þar sem þær koma saman og sauma ýmsan varning úr efnisafgöngum. Konurnar eru ýmist með opna hælisumsókn, nýkomnar með stöðu eða ekki á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða veikinda. Konurnar hittast einu sinni í viku og í hvert skipti koma yfir 40 konur en höfum við þurft að vísa frá vegna plássleysis. Alls eru yfir 70 konur á lista af yfir 15 þjóðernum.

Verkefnið er nú orðið það stórt að húsnæði Hjálpræðishersins dugar ekki til án þess að það bitni á öðrum verkefnum sem Hjálpræðisherinn heldur úti. Við sjáum einnig að það er þörf fyrir frekari fræðslu og námskeiðum fyrir þennan hóp. Sérfræðingar hjá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar hafa lýst yfir áhuga á að koma og hitta hópinn og vera með fræðslu fyrir hann, þar sem þetta er að stórum hluta konur sem ekki eru mikið að leita til félagsþjónustunnar. Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur einnig lýst yfir áhuga á samstarfi, meðal annars með upplýsingagjöf til kvennanna.

Þá finnum við fyrir mikilli þörf á starfi fyrir karlkyns innflytjendur sem bíða afgreiðslu hælisumsóknar eða ekki eru komnir á vinnumarkað.

Við erum að hefja viðræður við Félagsmálaráðuneytið, Vinnumálastofnun og Virk endurhæfingarsjóð um að gera samninga varðandi rekstur en með því að bjóða upp á ýmis verkefni og námskeið fyrir þennan hóp getur það verið fyrsta skref einstaklinganna út á vinnumarkaðinn. Starfsfólk Hjálparstarfs kirkjunnar og Hjálpræðishersins þekkja þennan viðkvæma hóp vel og hefur öðlast traust hans. Við teljum okkur því vel í stakk búin til að sinna slíkri aðlögun að vinnumarkaði.

Innan EAPN starfar grasrótarhópurinn Pepp Ísland, samtök fólks í fátækt. Hópurinn hefur hingað til hist á tveggja vikna fresti í húsnæði Hjálpræðishersins í Mjódd. Hefur það sett ákveðin takmörk á starfið, meðal annars á nýliðun og möguleika til valdeflingar þeirra sem nú þegar starfa innan hópsins. Þeir sem mest

þurfa á hópnum að halda eru oft að glíma við van virkni og kvíða í sínu daglega lífi og þurfa fastan punkt og traust til að geta nýtt sér þau úrræði sem boðið er upp á. Með fastri aðstöðu gæti starf samtakanna blómstrað enn frekar.

Við erum einnig opin fyrir umræðu um að fleiri grasrótarsamtök fái að nota aðstöðuna með okkur, sem skrifstofuaðstöðu eða fundarstað og nú þegar liggur fyrir áhugi nýstofnaðra samtaka fósturbarna og samtaka leigjenda Félagsbústaða að fá skrifstofuaðstöðu í slíku samfélagshúsi.

Fulltrúar þeirra þriggja samtaka sem nefnd eru í upphafi þessa bréfs sjá mikil sóknarfæri í því að hafa húsnæði sem nýst gæti grasrótarsamtökum og þeirri starfsemi sem fram fer hjá þeim. Sjáum við fyrir okkur að þetta gæti jafnvel leitt til miðstöðvar sjálfbóðaliða þar sem fólk gæti fundið sameiginlegan vettvang fyrir ýmis málefni og þeir sem áhuga hafa á slíkum störfum gætu fundið eitthvað við sitt hæfi ef allt þetta væri undir sama þaki.

Húsnæðið í Mjódd hentar einkar vel með tilliti til landfræðilegrar legu þess, strætisvagnasamgangna, aðgengismála (hjólástólaaðgengi) og eins vegna stærðar og skiptingar þess.

Það er von okkar að Reykjavíkurborg taki vel í erindið og sjái sér fært um að nýta húsnæðið í þágu grasrótarinnar í borginni.

Með von um jákvæðar undirtektir

F.h.  
Hjálpræðishersins  
Hjálparstarfs kirkjunnar  
EAPN og Pepp Ísland

-----  
Vilborg Oddsdóttir Hjálparstarfi Kirkjunnar